

## Samgöngumál (umsögnin um samgönguáætlun)

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hvetur til að Fjarðarheiðargögnum verði flýtt miðað við þessa áætlun og framkvæmdir verði hafnar á árinu 2024. Samstaða er meðal sveitarfélaga á Austurlandi um Fjarðarheiðagöng og eru göngin bráðnauðsynleg til að auka öryggi íbúa og ferðamanna með því að tengja saman samgöngukerfi í lofti og á hafi við vegakerfið og með því auka skilvirkni þess. Einnig minnir sveitarstjórn á að sveitarfélögin á Austurlandi samþykktu svæðaskipulag Austurlands 2022-2044 af öllum sveitarstjórnnum í fjórðungnum án mótakvæða eða fyrirvara.

Á blaðsíðu 26 í svæðaskipulag Austurlands segir eftirfarandi:

*“Nauðsynlegar samgöngubætur í landshlutanum raungerist með umferðaröryggi og styttingu vegalengda að leiðarjóni. Uppbygging og viðhald vegakerfis miði að því að það taki að hámarki 60 mínútur að aka frá smærri þéttbýlisstöðunum að einum af fjórum stærstu þéttbýlisstöðunum. Unnið verði að því að bæta vegi, gera jarðgöng og breikka brýr til að stytta leiðir og auka öryggi. Þá þarf að gera stofn- og tengivegi greiðfæra allt árið um kring þannig að auðvelt sé að sækja þjónustu og vinnu á milli staða og ferðast um landshlutann. Áhersla verði lögð á að byggja Fjarðarheiðargöng, Seyðisfjarðargöng og Mjóafjarðargöng með það að markmiði að hringtengja miðsvæði Austurlands. Unnið verði að því að aðrar jarðgangaframkvæmdir, sem taldar eru nauðsynlegar, verði settar á 15 ára samgönguáætlun og síðan 5 ára aðgerðaáætlun hennar.”*

Heilsársvegur yfir Öxi. Ein mikilvægasta samgöngubót Austurlands er að koma fjallveginum yfir Öxi í betra horf og hafa hann opinn árið um kring. Við það eykst hagkvæmni flutninga verulega á milli Héraðs og Suðurlands og ferðaleiðir ferðamanna og íbúa. Kolefnisfótsporið verður minna enda sparast 50 km á hvern bíl sem þarna fer yfir.

Suður- og Norðurdalur í Fljótsdal. Óskað er eftir að þessir tveir héraðs og tengivegir verði settir inn á vegaáætlun og tryggt verði fjármagn til framkvæmda á árunum 2024-2025. Byggt hefur verið hótél á vegum Óbyggðaseturs Íslands í Norðurdal og vegirnir eru ófærir sökum drullu hluta af árinu-og auk mikillar rykmengunar af þeim sem kemur niður á íbúum og upplifun ferðamanna. Lagt er til að þeir verði byggðir upp og sett á þá bundið slitlag. Sama má segja um Suðurdal, því þar innst er Strútsfoss sem er vaxandi ferðamannastaður. Nauðsynlegt er komið verði á vegina bundið slitlag hið fyrsta.

Að auki leggur sveitarstjórn Fljótsdalshrepps áherslu á að gert verði ráð fyrir veltengingu frá Kárahnjúkum að Brú á Jökuldal (Austurleið) á samgönguáætlun þannig að komið verði á hringtengingu sem verði fær öllum bílum.

Lárus Heiðarsson, oddviti